

Kennari: Linda María Hauksdóttir og Sigríður H. Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku ásamt vinnutíma í Stapamixi

Kennslufyrirkomulag: Kennsla fer fram inni í bekk.

Bekkur: 7. bekkur

Danska

Norðurlandamál eru kennd vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum.

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.

Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti. Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér skilning á ólíkum lífskjörum og tilfinningu fyrir félagslegum og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum.

Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmynd.

Danska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
<p>Hlustun: <i>skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> - Start - Valið efni af netinu - Kvikmyndir - Þættir - Tónlist 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilið talað mál um efni sem varðar hann sjálfan, áhugamál og daglegt mál. • Skilji í meginatriðum samtöl af ýmsum toga og nýtt sér í ræðu og riti. • Hlustað eftir nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við eða/og unnið úr þeim. • Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni. 	<ul style="list-style-type: none"> - Hlustunaræfingar - Umræður
<p>Lesskilningur: <i>lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> - Start, læsebog - Ýmis verkefni. - Valið efni af netinu 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum. • Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. • Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu. • Skilji megininntak í ólíkum textum og geti unnið út frá þeim. 	<ul style="list-style-type: none"> - Lestur - Lesskilning s-verkefni
<p>Samskipti: <i>haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisvenjum</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> • Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. • Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. • Lesið sér til gagns og ánægju. • Lesið auðlesna texta af ýmsum gerðum og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans. • Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu. 	<ul style="list-style-type: none"> - Umræður
<p>Frásögn: <i>í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. • Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. • Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. 	<ul style="list-style-type: none"> - Munnlegar kynningar og verkefni

<p>Ritun: <i>skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> - Start, opgavebog. - Ýmis verkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt. • Skrifað texta af mismunandi gerðum. • Notað algengustu tengiorð og greinarmerki. • Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. • Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. • samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. 	<ul style="list-style-type: none"> - Ritunarverkefni
<p>Menningarläsi: <i>sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða. • Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. • Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. 	
<p>Námshæfni: <i>sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf</i></p>		<ul style="list-style-type: none"> • Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki. • Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur. • Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. • Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja. • Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur. 	
<p>Námsmat</p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur: alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.</p>		